



20. fundur stjórnar LH 2022-2024
20. mars 2024 kl. 19:00
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Guðni Halldórsson, Hákon Hákonarson, Edda Rún Ragnarsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir,

Mætt úr varastjórn: Sveinn Heiðar Jóhannesson, Birna Tryggvadóttir, Randi Holager, Valdimar Magnús Ólafsson,

Forföll boðaði: Gróa Björg Baldvinsdóttir,

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 19. fundar

2. Verkefnastaða í nefndum

Landsliðsnefnd Tekin hefur verið ákvörðun um að Allra sterkustu verði ekki haldið þetta árið. Haldinn verður landsliðsdagur yngri liða þann 27. apríl, sameiginlegur fræðsludagur Hæfileikamótunar og U21-landsliðsins með fyrirlestrum og sýnikennslum.

Keppnisnefnd

Fyrir nefndinni liggur að ákveða lágmörk inn á Íslandsmót og fara yfir þýðingar á reglugerðarbreytingum eftir FEIF-þingið sem birtar verða 1. apríl..

Reiðveganefnd

Vilyrði frá Vegagerðinni fyrir 100 millj. úthlutun í samræmi við Samgönguáætlun sem liggur fyrir Alþingi. Umsóknir voru um 540 milljónir. Tillaga að skiptingu milli svæða verður lögð fyrir fund reiðveganefndar 3. apríl.

Tölvunefnd

Kappi er nú aflagður og Horse Day appið tekið við. Yfirfærslan hefur gengið mjög vel og almenn ánægja meðal notenda með appið.

Forritun er í gangi vegna þeirra breytinga sem urðu á keppnisreglum á FEIF þingi og einnig er allt kapp lagt á að forrita gæðingalist inn í Sportfeng.

Í undirbúningi er að gera samning við ýmsa aðila sem hafa haft aðgang að gögnum í Sportfeng og vilja fá sama aðgang og Horse Day.

Útbreiðslunefnd

Verið að fjalla um nálgun á öðruvísi keppnisgreinar og öðruvísi keppendur og hugmyndir að leggja fyrir landsþing.

Æskulýðsnefnd

Festur til að sækja um fyrir Youth Cup er 1. apríl.

LM ehf.

Hákon skýrði frá fundi sem haldinn var í Víðidal um kynningu á undirbúningi fyrir Landsmót. Undirbúningur gengur vel og stefnir í gott Landsmót.



Skógarhólar

Verið að útbúa verkefnalista fyrir framkvæmdir í vor á Skógarhólum. Stefnt er á að halda vinnuhelgi í maí, kalla saman velunnara staðarins, lagfærða það sem þarf fyrir sumarið, mála, grilla og ríða út.

3. Tilnefning fulltrúa í fagráð um umferðarmál – til bókunar

Innviðaráðuneytið óskar eftir tilnefningu fulltrúa, karls og konu, í fagráð um umferðarmál. Hlutverk fagráðsins er að vera vettvangur samráðs og upplýsingaskipta á sviði umferðarmála. Jafnframt skal fagráðið beita sér fyrir auknu umferðaröryggi og bættum umferðarhættum. Ráðið er ráðherra og Samgöngustofu til ráðgjafar um umferðaröryggismál, framkvæmd umferðaröryggisáætlunar og um fræðslu á sviði umferðar- og umferðaröryggismála. Vegna jafnréttissjónarmiða er óskað eftir tilnefningu karls og konu en aðeins einn fulltrúi frá LH tekur sæti í ráðinu.

Afgreiðsla: Samþykkt að tilnefna Þórhildi Katrínu Stefánsdóttur og Svein Heiðar Jóhannesson.

4. Ósk um álit Persónuverndar um birtingu á keppnisárangri – erindi synjað

Óskað var eftir álit Persónuverndar á vinnslu persónuupplýsinga um niðurstöður móta í keppni. LH skráir og geymir niðurstöður móta í mótahaldsforritinu Sportfeng, HorseDay appið sækir gögn í Sportfeng og birtir niðurstöðu móta í appinu. Engin gögn eru vistuð í gagnagrunn hjá HorseDay. Óskað var eftir álit Persónuverndar á hvort þörf sé á því að gerður sé t.d. einhverskonar samningur milli aðila svo sem vinnslusamningur.

Í svari frá Persónuvernd er beiðni um álit á hvort ofangreint verklag samræmist persónuverndarsjónarmiðum synjað.

Afgreiðsla: Persónuvernd telur ekki forsendur til að verða við beiðni LH, stjórn telur ekki ástæðu til að fjalla frekar um málið.

5. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna

Íslandsmót var auglýst að nýju til umsóknar á nýrri dagsetningu, 25. til 28. júlí. Engar umsóknir bárust.

LH stendur í viðræðum við Hestamannafélagið Fák um að taka að sér að halda Íslandsmót í samstarfi við öfluga aðila sem kæmu að framkvæmd mótsins. Lagt er til að samstarfssamningur verði gerður við Fák, LH leggi til allt að 500þús kr. gegn sýnileika styrktaraðila, upptökur og ljósmyndir af mótinu.

Afgreiðsla: Samþykkt.

7. Erindi frá Erni Karlssyni

Örn Karlsson hefur ítrekað lýst yfir óánægju með vinnu starfshóps sem skipaður var skv. samþykkt landsþings 2018 og var falið gera gæðingafimi að fullgildri keppnisrein í regluverki LH, afrakstur þeirrar vinnu er keppnisgreinin Gæðingalist. Reglur greinarinnar voru lagðar fyrir landsþing 2020 og 2022 og hlaut samþykki beggja þinga.

Afgreiðsla: Drög að svari lagt fyrir fund. Keppnisnefnd hefur málið einnig til umfjöllunar, samþykkt að bíða með svar þar til keppnisnefnd hefur fjallað um málið.

8. Önnur mál

a. Skipun fulltrúa LH í stjórn LM2024 í stað Guðna Halldórssonar



Lagt er til að Sveinn Heiðar Jóhannesson verði skipaður í stjórn LM2024 í stað formanns LH.

Afgreiðsla: Samþykkt.

b. Fundarferð stjórnar

Vikulegir fundur frá apríl og fram í miðjan maí; á Egilsstöðum, Akureyri og Blönduósi, Borgarnes, Selfoss og Reykjavík í kjölfarið.

Fundi slitið kl. 20:50